

Skólasetning vor 2021

Kæru nemendur,

Velkomin í skólann og gleðilegt nýtt ár. Ég vil hrósa ykkur fyrir góða uppskeru á haustönn. Það er ánægjulegt tilefni til að ávarpa ykkur þegar nýtt ár er að hefjast og þið eruð loksins komin í hús, í skólann sem er nánast ykkar annað heimili. Þið eruð búin að ganga í gegnum ótrúlegan tíma í náminu ykkar við MH en nú hillir alla vega undir breytingar þar sem smitum fer fækkandi og bóluefni er á leiðinni.

Í gær sagði ég við nýnema að aðstæður væru þess eðlis að þið fáið ekki tækifæri til að kynnst skólanum líkt og þegar árferðið er hefðbundið. COVID-19 er þessi stóra breyta sem kollvarpar öllu varðandi líf okkar þessa dagana.

Stóra spurningin er kennslan og skólahaldið

Kennslan verður staðnám á móti netkennslu þessar fyrstu vikur og félagslíf rafrænt til að byrja með. Við reynum að gera það besta úr þessum aðstæðum og nýtum okkur áður óþekkt tækifæri, því í nýjum aðstæðum felast alltaf ákveðin tækifæri. Þið hafið tekið eftir því að stundataflan er breytt og þið mætið í hús til að byrja með í alla tvöföldu tímuna í töflu en stöku tímarnir fara fram rafrænt, þó með nokkrum undantekningum. Þið eruð orðin vön því að heyra orð eins og fjarkennsla, netkennsla, rafræn kennsla, stafræn kennsla, o.s.frv. Ég held að þið getið núna tekist á við hvaða skipulag sem er og ekkert kennsluform verður ykkur framandi eftir COVID-19 tímamann í lífi ykkar.

Að ýmsu er að huga í skólastarfinu þar sem enn eru miklar takmarkanir vegna COVID-19. Í ljósi þessa vil ég fara yfir nokkur atriði.

1. Notið innganga inn í skólann sem eru samkvæmt leiðbeiningum á heimasíðunni, þ.e. undir COVID-hnappnum.

2. Það er grímuskylda í skólanum. Við afhendum grímur við innganga skólans, til að byrja með, ef einhverjir gleyma þeim heima.
3. Hópamyndun er ekki leyfileg.
4. Mikilvægt er að virða nálægarmörk sem eru í gildi.
5. Gangar og almenn rými, t.d. salir eru fyrst og fremst ferðarými.
6. Í frímínútum geta nemendur farið út en ekki verið á göngum eða í almennum vistarverum skólans.
7. Matsalan Sómalía er lokuð til að byrja með og nemendur sem eru í tímum eftir hádegi eru hvattir til þess að hafa með sér nesti. Það á t.d. við um IB-nemendur.
8. Verum dugleg að spritta okkur.
9. Tökum þátt í að sótthreinsa borð í kennslustofum eins og kennarinn biður um.
10. Mætum ekki í skólann ef við finnum til einkenna sem gætu tengst COVID-19.

Hver stofa er sóttvarnarhólf og í núverandi skipulagi fara flestir nemendur á milli tveggja kennslustofa á degi hverjum. Spritt og hreinsipappír er í öllum stofum og spritt við innganga. Munum líka að skilja ekki rusl eða aðra hluti eftir á glámbekk því við viljum ekki að aðrir þurfi að tína upp eftir okkur og snerta þessa hluti.

Stóra spurningin sem við getum ekki svarað er hvenær fáíð þið nemendur að koma í fullt staðnám? Á þessari stundu stefnum við á 50% staðkennslu fyrst um sinn og fari smitum COVID-19 fækkandi ætti ekkert að standa í vegi fyrir því að meiri staðkennsla verði í boði seinni hluta janúar. Ég minni jafnframt á að aðstæður geta auðvitað breyst með stuttum fyrirvara.

Þótt reglur verði rýmkaðar þá þýðir það ekki að við getum slakað á hvað varðar sóttvarnir. Við þurfum áfram að huga að einstaklingsbundnum sóttvörnum.

Ég óska ykkur farsællar annar og vonast til þess að hitta ykkur áður en langt um líður, hvort sem það er á göngum skólans, á Matgarði eða jafnvel í borðtennis.

Góðar stundir.

